



**Eftirlit með viðskiptamönnum á
listum yfir alþjóðlegar
þvingunaraðgerðir og frysting
fjármuna og efnahagslegs auðs**

11. nóvember 2019



FJÁRMÁLAEFTIRLITID
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Inngangur

Tilkynningarskyldir aðilar (hér eftir „TA“) samkvæmt a-k lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, bera skyldur samkvæmt lögum nr. 64/2019 um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna (hér eftir „lögin“), sbr. 5. mgr. 4. gr. sömu laga. Lögin eru sett með stoð í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða.

Markmið laganna er að hindra fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu og fjármögnun gereyðingarvopna. Í þeim tilgangi er mælt fyrir um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs (hér eftir „fjármuna“) í samræmi við tilteknar þvingunaraðgerðir sem ákveðnar eru af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á grundvelli 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, af alþjóðastofnunum eða af ríkjahópum til að viðhalda friði og öryggi og/eða til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.

Hver er skylda tilkynningarskyldra aðila varðandi alþjóðlegar þvingunaraðgerðir?

Sjá sérstaklega ákvæði 4. og 7. gr. laganna. Skylda TA er í meginefnum þríþætt:

- **Viðhafa eftirlit** með því hvort viðskiptamenn þeirra séu á listum yfir alþjóðlegar þvingunaraðgerðir (hér eftir „listar“) með því að hafa viðeigandi eftirlitskerfi (eða eftir atvikum ferla og aðferðir) í þeim tilgangi.
- Sé viðskiptamaður skráður á lista, skal **frysta fjármuni**.
- **Tilkynna** eigendum fjármuna, utanríkisráðuneytinu og Fjármálaeftirlitinu um frystingu fjármuna.

Eftirlit með því hvort viðskiptamenn séu á listum yfir alþjóðlegar þvingunaraðgerðir

I. Uppfærðir listar

1. Við eftirlit með því hvort viðskiptamaður er skráður á lista, skal gæta þess að listar séu ávallt uppfærðir í samræmi við nýjustu útgáfu lista Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins.

Lista yfir alþjóðlegar þvingunarráðstafanir er að finna á eftirfarandi vefsíðum:

<https://www.un.org/sc/suborg/en/sanctions/information>

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/lagamal/thvingunaradgerdir>

<https://www.sanctionsmap.eu/#/main>

2. Styðjist TA við ferla og aðferðir, er mælt er með því að TA skrái sig rafrænt hjá stjórnarráðinu til að fá tilkynningar um allar nýjustu uppfærslur. Ábyrgð á því að tryggja að listinn sé uppfærður og innihaldi réttar upplýsingar hvílir ávallt hjá TA.

II. Uppfletting á viðskiptamönnum - Skráð ríki, einstaklingar, lögaðilar og hópar/samtök

3. Skylda TA til að fletta upp í listum tekur til núverandi viðskiptamanna sem hluti af reglubundnu eftirliti og nýrra (mögulegra) viðskiptamanna sem hluti af framkvæmd áreiðanleikakönnunar.
4. TA skulu reglulega skima viðskiptamannagrunn sinn gagnvart listum (einnig viðskiptamenn sem teljast "óvirkir" í viðskiptum) til að kanna hvort nöfn þeirra komi upp þegar flett er upp ríki, nafni eða heiti.
5. Komi upp að viðskiptamaður sé á lista er TA skylt að grípa til viðeigandi og réttmætra ráðstafana til að staðfesta að hann sé í reynd sá aðili sem kemur upp á listanum.

Staðfesting upplýsinga:

Ef ástæða er til að ætla að viðskiptamaðurinn sé á lista en það liggja ekki fyrir trúverðugar upplýsingar eða gögn til að staðfesta sannjálkvæða svörun, er mælt með því að hinn TA hafi samband við utanríkisráðuneytið og afli frekari gagna til að staðfesta fyrirbyggjandi grun, ef slík gögn eru til.

Viðskiptamaður er skráður á lista: Frysting fjármuna

III. Skylda að frysta fjármuni

6. Komi í ljós að viðskiptamaður sé skráður á lista, er TA skylt að frysta fjármuni sem eru í eigu hans hvort sem það eignarhald er til komið með beinum eða óbeinum hætti. Þetta tekur einnig til þess þegar viðskiptamaðurinn hefur fjármunina í sinni vörslu eða stýrir þeim.
7. Markmið frystingar fjármuna er að koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutning, svo sem afhendingu fjármuna, úttektir, millifærslu, eignarskráningu sem og önnur viðskipti og hindra þannig að aðilar á listum yfir þvingunaraðgerðir fái greiðslur í hendur eða geti nýtt fjármuni með öðrum hætti.

Fjármunir:

Hvers kyns eignir og ágóði, þ.m.t.:

- Reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxlar, póstávísanir og aðrir greiðslugerningar.
- Hvers konar inneignir hjá aðilum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar.
- Skráðir og óskráðir fjármálagerningar og skuldagerningar sem verslað er með í og/eða utan kauphallar, þ.m.t. hlutabréf og hlutir, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, lán, ábyrgðir, skuldaviðurkenningar og afleiðusamningar.
- Vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem rekja má til eða myndast af eignum.
- Lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, áfangatryggingar eða aðrar slíkar fjárskuldbindingar.
- Ábyrgðir, farmbréf og reikningar.
- Skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í fjármunum.
- Hvers konar gerningar til að fjármagna útflutning.

Efnahagslegur auður:

Hvers kyns eignir, efnislegar jafnt sem óefnislegar, færanlegar eða ófæranlegar, sem eru ekki fjármunir en unnt er að nota til að afla fjármuna, vöru eða þjónustu.

IV. Hvaða fjármuni skal frysta?

8. Ef viðskiptamaðurinn á hluta fjármunanna, þá tekur frystingin til viðkomandi fjármuna í heild sinni. Sem dæmi má nefna að ef að viðskiptamaðurinn á 50% eða meira í félagi ber að frysta allar eigur félagsins.
9. Ef fjármunir eru hjá aðila sem kemur fram fyrir hönd viðskiptamannsins, nær frysting einnig til þeirra fjármuna.
10. Þar sem skylt er að frysta fjármuni sem viðskiptamaður á með beinum eða óbeinum hætti (hefur yferráð yfir tilteknum eignum) þarf hinn TA að framkvæma rannsókn og afla gagna til að finna eignir viðskiptamannsins. Slík rannsókn felur m.a. í sér eftirfarandi:

Kanna beint og óbeint eignarhald

11. Meta skal hvort félag er í eigu eða lýtur stjórn/yferráða viðskiptamanns sem er skráður á lista. Hér skal m.a. líta til eftirfarandi atriða:
 - a. **Bein eignarráð viðskiptamanns sem skráður er á lista:**
Þegar viðskiptamaðurinn á meira en 50% í félagi.
 - b. **Óbein eignarráð/yferráð viðskiptamanns sem skráður er á lista :**
 - Þegar viðskiptamaðurinn á a.m.k. meirihluta hlutafjár eða ræður a.m.k. meirihluta atkvæða í félagi.
 - Þegar viðskiptamaðurinn er framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður félags.
 - Þegar viðskiptamaður hefur önnur yferráð yfir félagi en getið er hér að ofan;
 - hefur rétt til að tilnefna eða setja af meirihluta stjórnar félags,
 - getur gert samninga við aðra, s.s. hluthafa og/eða félagið sjálft um að hann fari einn eða með hluthöfum með a.m.k. meirihluta atkvæðisréttar í félaginu eða
 - samþykktir félagsins kveða á um slíkan rétt

Kanna viðskiptasögu viðskiptamanns

12. TA skulu rannsaka og greina viðskiptasögu viðskiptamanns sem er skráður á lista og varðveita skýrslu um slíka rannsókn.

Kanna tengda aðila

13. TA skal afla frekari gagna til finna aðila sem tengjast viðskiptamanni sem skráður er á lista, ef einhverjir eru. Mikilvægt er að ganga úr skugga um hvort tengdir aðilar séu til staðar og skoða fjármuni í þeirra eigu, skyldi vera tilefni til frekari frystingar fjármuna.
14. Greina viðskiptasögu tengdra aðila. Slík greining getur upplýst um aðrar eignir viðskiptamanns sem er skráður á lista, s.s. í gegnum félög eða annað eignarhald.

Tengdur aðili:

Í þessu sambandi er tengdur aðili:

- a) Einstaklingur sem kemur fram fyrir hönd eða sem er undir stjórn viðskiptamanns sem er skráður á lista.
- b) Einstaklingur sem á hlutdeild í eða sem styður starfsemi og áætlanir um beitingu kjarnorkuvopna.
- c) Einstaklingur/ar sem viðskiptamaðurinn deilir eignarhaldi með.
- d) Raunverulegur eigandi eigna í eigu viðskiptamanns sem er skráður á lista.

Kanna gögn um aðila sem tengjast frystum fjármunum

15. TA skulu afla frekari gagna um aðila sem mögulega tengjast frystum fjármunum og skoða hverjir geta stýrt þeim aðrir en viðskiptamaðurinn sjálfur.

Tilkynna um frystingu fjármuna

16. TA er skylt að tilkynna eigendum fjármuna, utanríkisráðuneytinu og Fjármálaeftirlitinu um frystingu fjármuna.
17. Í tilkynningarskyldunni felst að veita skal þar til bærum stjórnvöldum, án tafar allar upplýsingar sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að framfylgja þeim þvingunaraðgerðum sem gilda hér á landi.
18. Tilkynningar um frystingu fjármuna og aðrar upplýsingar sem tengjast framkvæmd laga um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir og frystingu fjármuna skulu, eftir því sem við á, sendar til:
 - utanríkisráðuneytisins á netfangið postur@mfa.is
 - Fjármálaeftirlitsins á netfangið fme@fme.is
19. Vanræksla á að uppfylla skyldur samkvæmt lögum um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir eða lögum um frystingu fjármuna getur varðað viðurlögum, m.a. í formi dagsekta eða stjórnvaldssekta.